

# ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Desember 2007

## Jólaþveðja og næsta sumar



Nú er dimmasti tími ársins og stutt í stysta dag þegar ljósberi hins dularfulla, tunglið, lýsir okkur lengur en ljós sólar og við sennilega fjærst öllum hugleiðingum um veiði og viðlíka athafnir.

Þeir dagar, þegar maðurinn mátti láta sér nægja skin tungls og blik stjarna til að sjá hvað hann var að sýsla í skammdeginu, eru löngu liðnir. Óvíst er hversu margir taki undir þau skáldlegu orð Þórbergs Þórðarsonar úr bók hans um Suður-sveit að “Myrkrið er tími hinna djúpu stemmninga og þegar rafmagnsljósinn komu, þá dóu djúpu stemmningarnar á Íslandi”. Meti þetta hver fyrir sig, en sjaldan er það jafn áberandi hversu ofurseld við erum tækninni og rafmagninu en einmitt nú, þegar aðventan er í algleymingi og jólaseríurnar ljóma úr öllum áttum og endalaus röð rafmagnstækja er á fullu við að sinna daglegum þörfum okkar.

Framgangur tækninnar er vissulega blessun og væri óskandi að okkur fleygði jafn hratt fram á sviði andlegs þroska þar sem ótal gildi bíða þess að vera eflað og þróuð.

Hann, þ.e. Þórbergur, segir svo

einnig frá leikjum barna þar á bæjum áður með leikföngum, sem ærið þættu fábrotin í dag og hvernig til urðu þær “hugskotsstundir” sem við átti í leiknum, óháð stað og raunstund.

Þetta er auðvitað nokkuð sem við Ármenn hljótum flestir að vera flinkir við þrátt fyrir byrjunarorðin, að gera okkur ljúfa hugskotsdaga á góðu hugskotssumri eða hvenær sem er með öllu tilheyrandi. Þá er nú ekki ónýtt að geta rennt yfir framboð veiðisvæða næsta sumars, en það er annað aðalefni þessa blaðs og er gerð grein fyrir því hér á næstu síðum.

Eins og sjá má eru svæðin að mestu þau sömu og í fyrrasumar. Hlíðarvatn, Grenlækur, Skálmardalur og Vatnsdalsá eru á sínum stað og góð holl í Vatnamótin og Eldvatn á Brunasandi, og svo bætast við holl í Geirlandsá, Skógá og Vatnsá.

Hækkanir á leyfum þar sem um slíkt er að ræða eru í nokkru samræmi við vísitöluhækkanir. Í Hlíðarvatni hækkar verðið fyrri hluta sumars lítillega, en lækkar aftur á móti seinni hlutann. Er vonast til að

þetta verði mönnum hvatning til að reyna betur haustveiðina í vatninu en gert hefir verið undanfarin ár, því oft má veiða vel þá. Hin félögin við Hlíðarvatn áforma að hafa sama háttinn á.

Í Grenlæk er verðið þó enn óbreytt. Seinasta sumar var veiði þar með lakasta móti lengst framan af eins og reyndar í flestum sjóbirtingsám á landinu. Full ástæða er samt til bjartsýni í Grenlæknum í ljósi sívaxandi fiskgengdar þar samkvæmt talningu Veiðimálastofnunar og góðrar veiði á haustdögum.

Vötnin sunnan Tungnaár á Landmannaafreitti eru eðlilega ekki til úthlutunar, þar sem leyfi í þau munu að vonum fylgja ársskírteini Ármanna. Um vötnin hefir töluvert verið skrifað í Áróður undanfarin ár og ágæti þeirra sem útivistar- og veiðisvæði því ekki tíunduð hér.

Vonandi eiga Ármenn þess kost að tendra þau ljós um hátíðarnar sem dýpsta og besta “stemmninguna” gefa þeim og þeirra fólki. Gildir þá einu hvað notað er, rafmagnsljós, kertaljós eða ljós af öðrum toga.

HF

*Stjórn Ármanna þakkar ykkur, félagar kærir, fyrir umburðarlyndi og tryggð í liðinni tíð og hlakkar til eiga með ykkur góðar stundir á nýju ári.  
Gledileg jól*

# Aðalfundur Ármanna

verður haldinn miðvikudagskvöldið 23. janúar 2008  
kl. 20 í Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík

Dagskráin er eftirfarandi:

1. Fundarsetning, skipun fundarstjóra og fundarritara
2. Fundargerð síðasta aðalfundar
3. Skýrsla stjórnar. Umræður
4. Reikningar félagsins. Umræður og afgreiðsla
5. Stjórnarkjör og kjör skoðunarmanna
6. Ákvörðun um árgjald og inntökugjald
7. Önnur mál
8. Kaffi

Á fundinum skal kjósa tvo nýja stjórnarmenn,  
en úr stjórn ganga Hafþór Ólafsson og Úlfar Ormarsson.

Tillaga stjórnar um nýja stjórnarmenn er  
Baldur Sigurðsson og Sveinn Agnarsson.

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn er Sigurður Jónsson  
og Halldór Lárusson og til vara Sigurður Benjamínsson.

Aðrar tillögur um stjórn og skoðunarmenn hafa ekki komið fram.

Stjórnin

## Veiðikortið 2008

verður til sölu í Árósum til félagsmanna  
á sama afslætti og áður og kostar 4000 kr.

## Árgjald Ármanna fyrir 2008

Einn af glaðningum jólaföstunnar er innheimtuseðill vegna  
árgjalds Ármanna, en hann á að koma inn um bréfalúguna  
um svipað leyti og þetta blað. Árgjaldið er 6.500 kr  
og eru félagar hvattir að greiða það í tæka tíð.

**ARMENN**

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd  
og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.  
Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm Ragnarsson, ragnarh@akureyri.is.  
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf.  
www.armenn.is / armenn@armenn.is

# Framboð veiðileyfa sumarið 2008

Umsóknareyðublöð eru inni í blaðinu á sama máta og áður hefur verið. Þau má einnig finna á heimasíðunni [armenn.is](http://armenn.is) á pdf-formi, og geta þau sem hafa til þess töl og tæki prentað eyðublöðin út þaðan.

**Umsóknir verða að hafa borist í Árósa að Dugguvogi 13 fyrir kl. 22 mánudagskvöldið 7. janúar 2008**

## Hlíðarvatn



Hlíðarvatn í Selvogi er talið eitt albesta veiðivatn landsins. Þar veiðist gómsætt vatnablaikja allt sumarið en hér eins og annars staðar getur hún verið dyntótt. Ármenn hafa þrjár stangir til úthlutunar og í boði eru allir dagar frá 1. maí til 29. september. Hefja má veiðar kl. 19.00 kvöldið fyrir úthlutaðan veiðidag og þeim skal ljúka sólarhring síðar. Afnot af ágætu veiðihúsi Ármanna við vatnið eru innifalín í verði veiðileyfa. Húsið er hitað með gasofni, þar er ágætt eldunaraðstaða og rúm fyrir fjóra, auk þess sem hægt er að sofa á háaloftinu. Veiðimenn skulu skila húsinu hreinu fyrir kl. 19.00 á úthlutaðum veiðidegi.


Hlíðarvatn			
Tímabil	Dagar	Stangafjöldi	Stangarverð/dag
Maí	Virkir	3	3.000
Maí	Helgir	3	3.500
Júní	Virkir	3	3.000
Júní	Helgir	3	3.500
Júlí	Virkir	3	3.000
Júlí	Helgir	3	3.500
Ágúst	Virkir	3	2.000
Ágúst	Helgir	3	2.500
Sept.	Virkir	3	2.000
Sept.	Helgir	3	2.500

*Scott*  
flugustangir

**SÖLUSTADIR:**

Reykjavík: Intersport,  
Veiðihöllin og Veiðiportið  
Akureyri: Hornið

## Grenlækur



Grenlækur í Landbroti er fornfræg sjóbirtingslóð í fögru umhverfi og stórkostlegri fjallasýn. Mikið af birtingi hefur gengið í lækinn undanfarin sumur en veiðin á svæðinu sem Ármenn hafa til umráða, svæði 4 sem nefnist Fitjaflóð, hefur verið upp og ofan. Mjög gott skot kom þó í veiðina seint síðasta haust og er vonandi að veiðin aukist nú jafnt og þétt því nóg er af fiskinum eftir því sem tölur frá Veiðimálastofnun um göngur í gegnum teljara sýna. Veiðihús er ekki innifalið í veiðileyfinu en margir gistimöguleikar eru á svæðinu. Má þar nefna aðstöðuna á Fossum sem okkur er að góðu kunn. Þar kostar nóttin 2.000 kr. á mann. Einnig skal nefnt að Stangaveiðifélag Keflavíkur hefur komið sér upp húsi á mjög góðum stað fyrir neðan Arnardrang þar sem komið er niður af hrauninu á leið niður á veiðisvæðið. Í því er rafmagn, heitt vatn og sturta og svefnpláss fyrir átta manns og aðstaðan hin besta. Það er til laust til leigu fyrir Ármenn á þeim tímum sem merkt er við með x-i í töflunni. Sólarhringsleigan er 12.000 kr. og sem áður segir geta átta gist þar. Símar hjá SVFK eru 421 2888 (skrifstofa, opin mánudaga og fimmtudaga kl.18.30-20.30), 821 4036 (Arnar) og 899 6393 (Gunnar). Veiði hefst og endar á miðjum degi.

Grenlækur 2008				
Dagsetning	Dagafjöldi	Stangafjöldi	Stangarverð/dag	Hús SVFK laust
13/5-15/5	2	4	14.000	X
27/5-29/5	2	4	8.000	X
29/5-31/5	2	4	8.000	X
12/6-15/6	3	4	6.000	X
27/6-30/6	3	4	5.000	X
12/7-15/7	3	4	5.000	
28/7-31/7	3	4	5.000	
12/8-15/8	3	4	6.000	
27/8-29/8	2	4	7.000	X
29/8-31/8	2	4	7.000	
12/9-15/9	3	4	7.000	
27/9-30/9	3	4	11.000	X
9/10-12/10	3	4	11.000	X
18/10-20/10	2	4	9.000	X

**Umsóknir verða að hafa borist í  
Árósa að Dugguvogi 13 fyrir kl. 22  
mánudagskvöldið 7. janúar 2008**



## Geirlandsá



Gunnar J. Óskarsson

Fanney Dórothe Halldórsdóttir  
með 10 punda sjóbirting úr Geirlandsá.

Geirlandsá er vinsæl sjóbirtingsá á Síðu í V-Skaftafellssýslu, um 1 km frá Kirkjubæjarklaustri. Mjög gott veiðihús er við ána með fjórum tveggja manna herbergjum, eldhúsi, setustofu, baðherbergi með salerni og sturtu (heitt og kalt vatn). Hiti, eldun og ljós eru frá rafmagni. Lykill að veiðihúsinu er geymdur á bænum Geirlandi og á að skila honum þangað að dvöl lokinni. Veitt er á fjórar stangir og að sjálfsgöðu veiða Ármenn aðeins á flugu. Heimilt er að menn séu tveir saman eða fleiri um hverja stöng og skulu þá fylgjast að við veiðar. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Stangaveiðifélags Keflavíkur, [www.svfk.is](http://www.svfk.is). Veiðitími hefst og endar á miðjum degi.

Geirlandsá			
Dagsetning	Dagafjöldi	Stangafjöldi	Stangarverð/dag
7.-9. apríl	2	4	9.000
15.-17. apríl	2	4	9.000
21.-23. apríl	2	4	9.000

Réttu græjurnar...

**Vesturröst**  
Sérverslun veiðimannsins  
Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Símar 551 6770 & 553 3380  
Fax 581 3751 [vesturrost@vesturrost.is](mailto:vesturrost@vesturrost.is)

ROYAL WULFF  
TIBOR REELS  
AIRFIELD  
ORVIS  
CLASSIC  
Abu Garcia  
FLADDEN  
www.vesturrost.is

## Vatnsdalsá



Silungasvæðið í Vatnsdalsá hefur um áráraðir verið eitt vinsælasta og eftirsóttasta sjóbleikjussvæði landsins og þar hefur sjóbirtingur einnig verið að sækja í sig veðrið á síðustu árum. Ekki sakar heldur að mjög góð laxavon er á svæðinu. Gisting í góðu veiðihúsi sem staðsett er austan við Flóðið í Vatnsdal er innifalið í veiðileyfinu. Þar geta um eða yfir 20 manns gist með góðu móti og er öll aðstaða þar með ágætum. Veitt er á 9 stangir í hálfan, heilan, heilan, hálfan. Veiði hefst og endar á miðjum degi.

Vatnsdalsá			
Dagsetning	Dagafjöldi	Stangafjöldi	Stangarverð/dag
2. - 5. ágúst	3	9	14.500

## Skógá



Skógá undir Eyjafjöllum er 4ra stanga lax- og silungsvæðiá. Svæðið sem veitt er samanstendur af sjö kílómetra kafla Skógár og um tveggja kílómetra kafla Kvernu. Veiðin hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Mjög gott veiðihús fylgir veiðileyfunum. Til að finna það er ekið af Hringveginum í átt að Skógafossi og er veiðihúsið endahúsið í götunni (stór verönd við húsið). Til hliðar við veiðihúsið er Hótel Skógar. Lyklana má nálgast á bænum Drangshlíðardal sem stendur vestan Skógár. Á þeim tíma sem hér um ræðir verða veiðimenn að sjá um fæðið sjálfir, þrifa eftir sig og leggja til sængurföt og þessháttar. Nánari lýsingar er að finna á vefsíðunni [www.skoga.is](http://www.skoga.is).

Skógá			
Dagsetning	Dagafjöldi	Stangafjöldi	Stangarverð/dag
18/9-20/9	2	4	22.000

## Eldvatn á Brunasandi

Veiðisvæðið er í um 18 km fjarlægð og austan við Kirkjubæjarklaustur og er um 8 km að lengd upp frá og með því svæði þar sem áin rennur í Hverfisfljótið. Þar er bæði að finna bleikju og sjóbirting. Stengurnar tvær eru seldar saman, dagarnir eru seldir heilir og skipt á kvöldin. Þokkalegt, gamalt veiðihús með rafmagni fylgir veiðileyfunum og stendur efst við ána. Það er með einu stóru svefnherbergi, setustofu og eldhúskrók. Hægt er að leigja hús hjá Hörngslandi ef fólk vill, en það er örskammt frá. Nánari upplýsingar veitir Ragnar Johansen á Hörngslandi í síma 894 9249. Hann mun einnig leiðbeina ókunnum mönnum um svæðið.

Eldvatn á Brunasandi			
Dagsetning	Dagafjöldi	Stangafjöldi	Stangarverð/dag
22.-23. ágúst	2	2	7.500
31. ág.-1. sept.	2	2	7.500
20.-21. sept.	2	2	10.000
27.-28. sept.	2	2	10.000
8.-9. okt.	2	2	10.000
15.-16. okt.	2	2	10.000

## Skálmardalsá



Skálmardalsá er lítil og nett á sem er þekkt fyrir góða sjóbleikjuveiði og einstaklega fagurt umhverfi. Veiðisvæðið er öll áin. Veiðihúsið er gamla íbúðarhúsið í Skálmardal en það hefur verið endurréttað að hluta. Þrjú tveggja til þriggja rúma herbergi eru á efri hæð hússins auk svefnaðstöðu í stofu. Ekkert rafmagn er í húsinu en góð gaseldavél og öll eldhúsahöld. Veiðimenn þurfa að koma með sængur eða svefnpoka. Hafa skal samband við stjórn Ármanna áður en farið er af stað vegna upplýsinga um lykil. Veiðitími hefst og endar á miðjum degi.

Skálmardalsá 2008			
Dagsetning	Fjöldi daga	Stangafjöldi	Verð stöng/dag
10.júlí - 13. júlí	3	3	8.500
13.júlí - 16. júlí	3	3	8.500
16.júlí - 19. júlí	3	3	8.500
23.júlí - 26. júlí	3	3	8.500
26.júlí - 29. júlí	3	3	8.500
29.júlí - 1. ágúst	3	3	8.500

## Vatnamót

Um er að ræða hið þekktu sjóbirtingssvæði þar sem Breiðbalakvísl, Hörgsá, Fossálar og nokkrir lækir falla að austan í Skaftá. Allar stengurnar fimm eru seldar saman, þannig að nauðsynlegt er mönnum að mynda holl. Skipt er á miðjum degi. Mjög gott hús með rafmagni og öllum þægindum fylgir veiðileyfunum og stendur hjá Hörgslandi. Sex rúm eru í húsinu, en hægt er að leigja fleiri hús við vægu verði ef fleiri þurfa að gista. Nánari upplýsingar veitir Ragnar Johansen á Hörgslandi í síma 894 9249. Hann mun einnig leiðbeina ókunnum mönnum um svæðið.

Vatnamót			
Dagsetning	Dagafjöldi	Stangafjöldi	Stangarverð/dag
23.-25. apríl	2	5	9.700
7.-9. maí	2	5	9.700
11.-13. maí	2	5	9.700
25.-27. maí	2	5	3.800
27.-29. maí	2	5	3.800

## Vatnsá

Vatnsá í Heiðardal er 2ja stanga veiðisvæði sem er allt að 6 km að lengd. Á svæðinu er eingöngu heimilt að veiða á flugu og eru veiðimenn hvattir til að veiða á agnhaldslausar flugur. Heimilt er að drepa þrjá laxahænga á stöng á dag og en þó aðeins laxa undir 68 sm og einnig er heimilt að drepa allan silung undir 55 sm. Mælst er til þess að menn sleppi bæði sjóbirtings- og laxahrygnum. Öllum laxi er sleppt í október. Veiðihús er innifalið. Það er gaskynt með þremur eins til tveggja manna herbergjum. Menn sjá um sig sjálfir og koma með sængur og allt þessháttar.

Vatnsá			
Dagsetning	Dagafjöldi	Stangafjöldi	Stangarverð/dag
29/9-1/10	2	2	35.000



# Helstu liðir vetrardagskrár 2007-2008

Mánudagskvöldið 7. janúar kl. 22

Lokaskil veiðileyfaumsókna

Miðvikudagskvöldið 12. janúar kl. 20  
Miðvikudagskvöldið 23. janúar kl. 20

Veiðiljósmyndun: Einar Falur og Golli  
Aðalfundur Ármanna

Mánudags-miðv.dags. 28.-30. jan. kl. 20-22

Afgreiðsla veiðileyfa

Laugardagurinn 2. febrúar kl. 20

Porrablótið

Laugardagurinn 19. apríl kl. 14

Vorblótið

Helgin 26.-27. apríl

Hlíðarvatnshreinsun

**Mánudagskvöld kl. 20.00-22.00:  
Hnýtingakvöld og fleira gott.**

**Miðvikudagskvöld kl. 20.00-22.00:  
Opið hús eða nánar auglýst dagskrá.**

*Starfsfólk Veiðihornsins,  
Veiðimannsins og Sportbúðarinnar  
sendir Ármönnum og fjölskyldum  
þeirra óskir um gleðileg jól og fengsælt  
nýtt ár með þökk fyrir ánægjuleg  
samskipti á árinu sem er að líða.*



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760  
- Veidimadurinn.is -



**SPORTBÚÐIN**

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050  
- Sportbudin.is -



**VEIÐIHORNID**

Síðumúla 8 - Sími 568 8410  
- Veiðihornid.is -